


Skoðanakönnun HANDVERKS OG HÖNNUNAR 2005


NIÐURSTÖÐUR

Í janúar 2005 lagði HANDVERK OG HÖNNUN skoðanakönnun fyrir þá einstaklinga sem hafa tekið þátt í sýningum frá árinu 1999 (um 250 manns). Helmingur eða 125 einstaklingar svöruðu könnuninni.


1. HANDVERK OG HÖNNUN hefur nú starfað í 10 ár og hefur fengið rekstrarfé til ársloka 2006. Finnst þér að starfsemin eigi að halda áfram eftir það?




2. Telur þú að starfsemi HANDVERKS OG HÖNNUNAR sé mikilvæg fyrir handverks- og listiðnaðarfólk?



3. HANDVERK OG HÖNNUN starfar í þágu handverks- og listiðnaðarfólks og stendur m.a. fyrir eftirfarandi verkefnum:
Hvað af eftir farandi finnst þér mikilvægast? Merktu við þrennt.



4. Finnst þér vanta einhverja ákveðna þætti í starfsemi HANDVERKS OG HÖNNUNAR?




Fólk sem svaraði játtandi var beðið að segja hvað það væri helst sem því finnst vanta. Meðal þess sem þar kom fram var eftirfarandi:


- Rekstrarráðgjöf
- Miðstöð um námskeið
- Almenn fræðsla og umræða um gæði í sambandi við handverk og hönnun.
- Útgáfa bæklinga um handverks- og listiðnaðarfólk
- Tískusýningar (fatnað, veski)
- Milligöngu hönnuða og handverksfólks / handverkshópa
- Halda fyrirlestra
- Auglýsa sig betur / vera sýnilegri
- Frekari tenging við útlönd t.d. með sýningum eins og SPOR – til að koma íslensku handverki og listiðnaði betur á framfæri erlendis.
- Halda markaðsdag
- Halda kynningar/sýningar erlendis

- Kynning á sérþekkingu, fyrirlestrar fagfólks – kynning á fagfólki
- mætti vera meira fyrir lítið menntað handverksfólk
- Söluaðstöðu
- Gefa út árbók ísl. listhandverks
- Sinna betur nýsköpun í handverki og ná til landsbyggðarinnar.
- Myndir af hverju einstöku verki, nákvæmari sýnishornasíðu frá sýningum.


5. Lest þú fréttabréf HANDVERKS OG HÖNNUNAR?




6. Finnst þér fréttabréfið of langt, hæfilegt eða of stutt?




7. Værir þú til í að fá fréttabréfið í tölvupósti?



8. Í hve mörgum sýningum HANDVERKS OG HÖNNUNAR hefur þú tekið þátt?




9. Var það þess virði að taka þátt í sýningu/m
HANDVERKS OG HÖNNUNAR ?




- já
- nei
- veit ekki
- svara ekki

10. Finnst þér sýningar sem þessar, góð eða slæm leið til að
koma þér/verkum þínum á framfæri ?




- mjög góð
- góð
- sæmileg
- slæm/gagnlaus
- svara ekki

11. hefur þú áhuga á að taka þátt í fleiri sýningum hjá
HANDVERKI OG HÖNNUN?




- já
- nei
- svara ekki


12. Yfir 500 manns fá send kynningarbréf vegna verkefna framundan hjá HANDVERKI OG HÖNNUN. Værir þú til í að fá þessi kynningarbréf eingöngu send í tölvupósti?




13. Ertu hlynnt/ur því að hafa gæðamat inn á sýningarnar?




14. Ert þú sátt/ur við hvemig verkum þínum og annarra hefur verið komið fyrir á sýningum HANDVERKS OG HÖNNUNAR ?



15. Hefur þú skoðað heimasíðu HANDVERKS OG HÖNNUNAR, www.handverkoghonnun.is?



16. Á heimasíðunni er fjölbreytt efni. Hvað skoðar þú helst?




17. Heimasíðan er í stöðugri endurskoðun, er eitthvað sem þér finnst vanta á heimasíðuna eða mætti bæta?


Aðeins 12% kusu að gera athugasemdir við þennan lið. Hér koma nokkur svör:

- Myndir af öllum verkum á sýningum.
- Viðtal við dómnefnd um sýningu. Viðtal við listiðnaðarfólk sem er með verk á sýningu.
- Mætti vera viðtækari, þ.e. segja frá því sem fólk er að gera víðsvegar um landið.
- Innsent efni, spjallrás og umfjöllun um sýningar.
- Pistla um handverk og listiðnað, umræðuvef.
- Gera símanúmer og heimilisfang ykkar læsilegra (er ekki auðfundið).
- Stutt vídeó þar sem hægt er að skoða sýningar eða sýningarrými.
- Nýjar upplýsingar um námskeið erlendis jafnt sem innanlands, sýningar erlendis, styrki o.þ.h. Aðallega þó nýjar fréttir.


18. Allir sem valdir hafa verið inn á sýningar HANDVERKS OG HÖNNUNAR geta fengið frjá skráningu í gagnabankann um handverks- og listiðnaðarfólk sem er á heimsíðu HH. Ert þú skráð/ur í gagnabankann?




18a. Ef nei, hvers vegna?



19. Á ráðgjafafundi HH sl. haust kom fram sú hugmynd að HH skipulegði og auglýsti HANDVERKSDAGINN 2005. Hvernig líst þér á þessa hugmynd?



20. Ef þú ert hlynnt/ur þessari hugmynd, hvenær finnst þér að þessi dagur eigi að vera?



Í spurningu 21 var fólk spurt hvort það væri eitthvað sem það vildi taka fram að lokum. Það kusu 36% að gera.

Meðal þess sem þar kom fram var eftirfarandi:

- Halda færri og stærri sýningar í aðgengilegu húsnæði væri betri kostur.
- Hafa meiri kynningarstarfsemi á einstökum sýningum
- Það er mikilvægt að geta skoðað fleiri myndir frá sýningum. Það þarf að vera hægt að skoða myndir af hverjum grip fyrir sig.
- Sölubásar, fyrirlestrar og stutt námsskeið gætu verið mikil hvatning og eftt stöðu handverks og listafólks.
- Áhugavert að reyna aukið sýningarhald úti á landsbyggðina eins og var gert með afmælissýninguna.
- Auglýsa mætti sýningar og sýningarsalinn betur.
- Mjög gott starf er unnið í HH, sérstaklega gott að leita til skrifstofu og heimasíðan er aðgengileg.
- Sýningarnar eru besti möguleiki listhandverksfólks til þess að koma vörum sínum á framfæri, sérstaklega stærri sýningar.
- Gefa út árbók með góðum myndum af vörum sem hafa verið sýndar á sýningum HH. Hún tapast ekki eins og sýningarskránnar.
- Að HH vinni meira fyrir grasrótina, þ.e.a.s. fyrir fólk sem er ekki listaskólagengið og með ákveðið próf.
- Ég vil bara taka fram að ef HH væri ekki þá væri ég ekki með vörur út um allt land. Ég vona að þið haldið áfram svo fleiri geti notið þess sem ég fékk frá HH.
- Gott væri að fá meiri rekstrarfé inn í starfsemina, opna e.t.v. kaffiðstöðu þannig að fólk almennt gæti komið inn og kynnt sér starfsemina, lesið bækur og skoðað verk handverks- og listiðnaðarmanna.
- Frábært framtak. Rekstur til fyrirmyndar. Vonandi þróast starfsemin áfram.
- Hvernig væri að hafa samkeppni fyrir skóla (grunn- og framhaldsskólasýningu). Það myndi gefa aukna virðingu fyrir faginu.
- Það er mjög mikilvægt fyrir handverksfólk að hafa svona margþætta „miðstöð“ starfandi sem þjónar handverksfólki á allan hátt og hlúir að handverkinu. HH hefur til dæmis auðveldað mér að koma mér á framfæri og skapað mér ýmis tækifæri.
- Það væri spennandi að hafa 1-2 handverksdaga í Reykjavík eða markaðsdaga t.d. í Ráðhúsinu t.d. seinni part sumars.